



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Fuglar og spendýr á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs

*Halldór W. Stefánsson
Skarphéðinn G. Þórisson*



NA-100096
Egilsstaðir
Janúar 2010

 NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS		☒ Egilsstaðir ☐ Neskaupstaður
Skýrsla nr: NA-100096	Dags (mánuður, ár): Janúar 2010	Dreifing: Opin
Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill): Fuglar og spendýr á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs		Upplag: 34
		Síðufjöldi: 39
		Fjöldi korta:
		Fjöldi viðauka: 4
Höfundar: Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson		
Útdráttur: Í þessari skýrslu er fjallað um fugla og spendýr á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs sem nær frá Jökulsá á Fjöllum austur að Lónsöræfum. Svæðinu er skipt upp í frá vestri til austurs; Kverkfjallarana, Krepputungu, Brúaröræfi (-dali), Vesturöræfi, Eyjabakka (Undir Fellum) og austast er Múli. Vitað er um 51 tegund fugla sem nýta umrædd svæði. Ekki eru allar tegundirnar staðfestir varpfuglar en miðað við hæð yfir sjávarmáli er svæðið í heildina fjölskrúðugt. Heiðagæs er mest áberandi tegundin en henni hefur fjölgað mikið síðustu áratugina. Hún verpir víða á svæðinu en auk þess fella margar fjaðrir m.a. á Eyjabökkum. Hreindýr ganga á svæðinu austan Kreppu og eru hreindýrahagar við norðurjaðar Vatnajökuls aðal vor- og sumarbeitilönd hreindýra á Íslandi og hefur svo verið um langa hrið. Á Vesturöræfum var lengi vel stærsti hluti stofnsins að sumarlagi. Um 1940 voru einu þekktu dýrin á Íslandi í Kringilsárrana. Þar hefur löngum stór hluti dýranna verið fullorðnir tarfar og var hann friðlýstur sem griðland hreindýra árið 1975. Tófa er víða í þjóðgarðinum og nýtur eflaust góðs af aukningu heiðagæsa. Ljóst er að bestu grenin vestan Snæfells lentu í Háslóni. Tófan er friðuð í Kringilsárranafriðlandi og nær ekkert hefur verið leitað að grenjum í Krepputungu, á Eyjabökkum og innst á Múla. Minkur var sjaldgæfur á svæðinu en er nú búinn að nema land víða. Þó er líklega hvergi mikið af honum og ekki ólíklegt að veturnir reynist honum oft erfiðir. Hagamýs eru þekktar úr flestum skálum og kofum á svæðinu og rotta var einu sinni drepin þar. Skýrslan var unnin í tengslum við vinnu Náttúrustofu Austurlands á verndaráætlun um Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Öllum þeim fjölmörgu sem lögðu okkur lið á einn eða annan hátt við gerð þessarar skýrslu og getið er á viðeigandi stöðum er kærlega þakkað fyrir.		
Lykilorð: Fuglar, hreindýr, tófa, minkur og nagdýr, Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, verndaráætlun.		ISSN nr:
Yfirlit: JÁJ		ISBN nr:

Efnisyfirlit

Fuglar á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.....	5
Inngangur.....	5
Vesturöræfi	6
Eyjabakkar	7
Kringilsárrani.....	10
Brúaröræfi.....	11
Krepputunga.....	12
Kverkfjallarani	14
Samantekt.....	15
Heimildir	16
Spendýr á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.....	17
Hreindýr	17
1787-1939.....	17
1940-2009.....	18
Hreindýrin í Kringilsárrana	21
Tófa	25
Minkur.....	28
Hagamýs.....	30
Rotta	30
Heimildir	31
Rannsóknarferð í Krepputungu 16. júní 1988	32
Krepputunga utan brúar 24.-25. júní 1989	36
Fuglar í Kverkfjöllum.....	38
Rannsóknarferð að Svartárósum 11. júní 1994.....	39

Fuglar á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs

Halldór W. Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson

Inngangur

Náttúrustofu Austurlands var falið að taka saman upplýsingar um fugla á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Þessi samantekt byggir að mestu leyti á greinum og skýrslum um afmörkuð svæði sem lenda innan marka Vatnajökulspjóðgarðs eða eru á jaðri þeirra marka. Fróðleik um fugla var einnig að hafa frá staðkunnugum og sitthvað leyndist í ferðadagbókum starfsmanna Náttúrustofunnar. Sumar heimildirnar eru komnar til ára sinna en eru engu að síður það eina sem vitað er um fugla á fáfarnari stöðum svæðisins. Nýlegar rannsóknir ná til hluta svæðisins en gögn úr þeim nýtast ekki til þessa verks.

Fuglar nýta landið oft með mikilli yfirferð og því erfitt að festa þá við fyrirfram ákveðin mörk sem við myndum gjarnan vilja hafa til skilgreiningar á viðfangsefninu. Til að mynda er ekki óalgengt að fuglar noti önnur svæði til fæðuöflunar en til varps og felli flugfjaðrir á afskekktum svæðum.

Hér verður einkum fjallað um fjölbreytileika fuglafánu Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs og greint frá ábyrgðartegundum* og hvar þær halda sig. Tegundum á valista eru gerð skil í töflu og texta. Hrakningsfuglum sem fundist hafa á svæðinu er sleppt í þessari samantekt en getið í töflu, enda um fáein tilvik að ræða og jafnvel leifar af dauðum fugli. Þetta eru haftyrdill og lundi en þekkt er að þessir smávöxnu sjófuglar hrekjast oft í illviðrum langt inn í land og eiga sjaldan afturkvæmt til sjávar.

Austursvæði þjóðgarðsins er skipt á eftirfarandi hátt í þessari samantekt; austan Snæfells, vestan Snæfells að Hálslóni, Kringilsárrani, Brúardalir, Kverkfjallarani og Hvannalindir. Í víðara samhengi eru svæðin oft nefnd; Snæfellsöræfi sem er þá svæðin beggja vegna Snæfells þ.e. Vesturöræfi, Eyjabakkar og Múli. „Undir Fellum“ er síðan land austan Snæfells og fella norðan þess að austurbakka Jökulsár í Fljótsdal, þar fyrir austan er þá Múli að Kelduá og austan hennar eru Hraun. Brúaröræfi er landið vestan Jöklu ásamt Kringilsárrana að Kreppu og Krepputunga sem tekur yfir Hvannalindir og Kverkfjallarana.

*Ábyrgðartegundir eru þær sem gegna lykilhlutverki á viðkomandi svæði.



1. mynd. Austurbliði Vatnajökulspjóðgarðs og nágrenni. Austasti bluti Kringilsárranafriðlands rangt merktur.
<http://www.vatnajokulstjodgardur.is/vert-ad-sja/helstu-stadir/kort-af-thjodgardinum/>

Hér á eftir verður fjallað nánar um fugla á afmörkuðum svæðum. Austasta hluta þjóðgarðsins þ.e. Múla og Hraun verður þó sleppt þar sem fátt er til um fugla þar.

Vesturöræfi

Vesturöræfi er svæðið vestan við Snæfell að Jökulsá á Dal (Háslóni) en þar eru þekktar 41 tegund. Fjöldi tegunda skýrist af yfirgripsmiklum rannsóknum á svæðinu og líklega einnig af því að Hálsinn sem nú er kominn undir vatn var afar snjóléttur og vel gróinn og því dregið til sín fugla.

Af þessum tegundum eru sjö á valista (grágæs, helsing, grafönd, gulönd, fálki, svartbakur og hrafn). Helsing er í næst efsta hættustigi listans. Helsing er einnig sjaldgæfur varpfugl á Íslandi. Varp hefur ekki verið staðfest á svæðinu en helsing paraður heiðagæs hefur orpið á Efri Jökuldal hin síðari ár. Óhætt er að segja að heiðagæs sé ábyrgðartegund á Vesturöræfum sökum mikils fjölda en aðalvarpið var með bakka Jöklu sem hvarf undir Háslón. Síðan hefur varpið dreifst um Hálsinn sem upp úr stendur og Vesturöræfin og aukist mikið í samræmi við aukningu í stofni á sama tíma. Heiðagæsavarpið hefur líka aukist vestan við Jökulsá á Dal (HWS).

Líkt og á svæðinu austan Snæfells eru mófuglar fjölskrúðugir á Vesturöræfum en þar eru a.m.k. 12 tegundir eiginlegra mófugla að rjúpu meðtalinni. Af öðrum tegundum er tjaldur sú óvæntasta á þessu svæði líkt og austan Snæfells enda er um sjaldgæfan gest að ræða í hálendinu. Lómur, fýll og skúmur eru líka óvæntir gestir á svæðinu en þeirra aðalútbreiðsla er á láglendi og nærri sjó. Þá er auðnutittlingur einkennandi fyrir láglendi og birkikjarr og skóga en sést á haustin víða til fjalla og heiða (HWS). Út frá þekkingu á fuglum á Vesturöræfum er ólíklegt að þar leynist varp óþekktra tegunda en ekki verður útilokað að stopular tegundir líkt og helsing og snæugla verpi í framtíðinni. Þá verður að teljast mögulegt að tegundir á borð við kríu og skúm verpi á svæðinu og jafnvel einhverjar fleiri. Lítil reynsla er komin á með hvaða hætti vatnafuglar komi til með að nýta Háslón en þó er vitað að álfir, endur og heiðagæsir fella flugfjaðrir þar.



2. mynd. Vesturöræfi eru á milli Snæfells og Háslóns, 21. september 2009.

Eyjabakkar


Á svæðinu austan Snæfells eru 36 fuglategundir þekktar og þar af er heiðagæs langmikilvægust fyrir þær sakir að á Eyjabökkum er ein stærsta fellistöð geldgæsa í heiminum (3,5,7 og 8. mynd). Þar er einnig að finna sjö tegundir á valista en tvær þeirra eru reyndar afar sjalgæfar og haftyrdill aðeins fundist einu sinni frosinn á toppi Snæfells (2. tafla)(grágæs, straumönd, fálki, þórshani, svartbakur, haftyrdill og hrafn). Svæðið er ríkt af mófuglum og ýmsum andfuglum. Af þeim er nýlegasti landneminn jaðrakan sem er alla jafnan einkennandi fyrir láglendi. Gestir og sjaldgæfir flækingar koma einnig fyrir á svæðinu austan við Snæfell og má þar nefna sanderlu, tjald og þórshana sem sérstæðustu tegundirnar.



3. mynd. Eyjabakkar eru Undir Fellum austan Snæfells og þar austan við er Múli., 21. september 2009.

Elstu heimildir um heiðagæsir á Eyjabökkum er í Vilkinsmáldaga frá 1397 en þar segir að Hallormsstaðakirkja eigi: „mannsfar í Þóriseyjar í gásveiði“ (Ísl. Fbr.safn IV: 207). Í lýsingu Valþjófsstaðarsóknar frá 1840 segir: „...gæsafjaðratekja er við Jökulsána framundir Snæfellinu hvar þær sárast...“ (Stefán Árnason 1840). Hleðslur sem gætu tengst gæsaveiðum voru þekktar inn við Bergkvíslar innan við Þjófagilsflóa en enginn veit nú hvar þær eru (Einar Axelsson munnl. uppl.).

Takmarkaðar upplýsingar eru til um heiðagæsir austan Snæfells þar til á seinni hluta 20. aldar. Árið 1979 töldu Kristinn H. Skarphéðinsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2001) heiðagæsir í sárum á Eyjabökkum og eftir það voru þær taldar samhliða hreindýrum í byrjun júlí (4. mynd) (Skarphéðinn G. Þórisson óbirt gögn.). Flestar urðu þær 13100 árið 1991 en fækkaði eftir það og voru rúmlega 3362 í talningu 2009.



4. mynd. Fjöldi heidagæsa í sárum á Eyjabakkasvæði 1979 til 2009 (talning mistókst 1993).


Í talningum eru flestar gæsirnar á austustu kvíslum Jökulsár í Fljótsdal og á „Gæsalóni“ innan við jökulgarðinn frá 1890. Í 1. töflu eru niðurstöður talningar 2009 sýndar og staðsetning hópa á 5. mynd.

1. tafla. Heidagæsir í sárum á Eyjabökkum 7. júlí 2009.

Eyjabakkar 7. júlí 2009		Heidagæs		Blendingur
Staður		fullvaxin	ungi	
Austasta kvísl Jökulsár í Fljótsdal v/útfall		2573	5	1
Gæsalón		341		
Innan Gæsalóns		448		
Samtals		3362	5	1



5. mynd. Staðsetning heidagæsabópa á Eyjabökkum 7. júlí 2009. Hópur 1:1676, 2:903, 3:138, 4:56, 5:147, 6:356 og 7:92.



6. mynd. Stærsti hópur heiðagæsa á austustu kvísl Jökulsár í Fljótsdal á Eyjabökkum 7. júlí 2009. Hver gæs gulmerkt við talningu.

Heiðagæsaþóparnir eru myndaðir og fuglarnir taldir í tölvu. Dæmi um slíkt er sýnt á 6. mynd. Stór hluti geldra heiðagæsa á Íslandi sem tilheyrir íslensk-grænlenzka heiðagæsastofninum fella flugfjaðrir á Eyjabökkum. Svæðið hefur því ótvírætt alþjóðlegt verndargildi enda hefur Umhverfisstofnun unnið að því að fella það undir RAMSAR-sáttmálann.

Búast má við því að áhugi muni aukast á að skoða fellihópa heiðagæsa í sárum á Eyjabökkum í framtíðinni. Allar slíkar skoðunarferðir þar sem farið er út í Eyjafell og nágrenni á sáratíma gæsarinnar ættu að vera takmarkaðar og undir eftirliti þjóðgarðsins.



7. mynd. Gæsalón innan Eyjafells á Eyjabökkum og austasta kvísl Jökulsár í Fljótsdal, 21. september 2009.



8. mynd. Gasalón, braukar og sér í Eyjafellið í hægra horni uppi. 21. september 2009.

Kringilsárrani

Eitt af svæðunum sem tengjast austurhluta Vatnajökulspjóðgarðs er Kringilsárrani sem hefur þá sérstöðu að vera landfræðilega einangraður og er friðland hreindýra.



9. mynd. Kringilsárrani 5. júlí 2008. Töðubraukar, jokulgarður frá 1890 ofan við miðja mynd. Saudafell og Kárabnjúkar í fjarska.



10. mynd. Jökulkvísl á Vesturöræfum er þvert ofan við miðja mynd en allt land innan hennar tilheyrir Kringilsárranafriðlandi, 21. september 2009.

Þar eru þekktar 14 tegundir og af þeim eru þrjár á válista (snæugla, fálki og hrafn). Snæugla er annars sárastaldgæf á Íslandi. Í Kringilsárrana er heiðagæs lykiltegund eins og víða á þeim svæðum sem tengjast austurhluta þjóðgarðsins. Aðeins Háslón skilur Ranann frá Vesturöræfum þar sem eru þekktar mun fleiri tegundir eða 41. Alls eru sjö tegundir mófugla í Kringilsárrana að óðinshana meðtöldum en þar vantar rjúpu. Endur eru líka lítt þekktar í Rananum og er aðeins vitað um hávellu sem er líklegur varpfugl. Þar vantar einnig steindepil en hann er að finna á öllum öðrum svæðum í þessari samantekt og verður því að teljast mjög líklegt að hann hafi farið fram hjá fuglaathugendum. Í heimildum eru bara skráðar þrjár spörfuglategundir í Kringilsárrana, þ.e. hrafn, snjótittlingur og þúfuttittlingur og eru tveir síðastnefndu flokkaðir með mófuglum.

Brúaröræfi

Brúaröræfi er samheiti nokkurra hálendisdala vestan Jökulsár á Dal og eyðisanda á milli þeirra. Það eru; Sauðárdalur, Fagridalur, Arnardalur, Álftadalur, Grágæsdalur og Laugavalladalur. Í flestum þessara dala eru gróðurvinjar umgirtar hæðum og melum. Auk þessara dala tilheyra Vesturdalur og Fiskidalur Brúardölum en fuglar þar eru ekki hér til skoðunar. Þar eru þekktar 31 tegund. Af þeim eru átta á válista sem allar eru taldar vera í nokkurri eða yfirvofandi hættu samkvæmt skilgreiningu hans (himbrimi, grágæs, grafönd, straumönd, gulönd, fálki, svartbakur, hrafn og snæugla sem er þeirra merkust og jafnframt sú tegund sem er í hæsta hættustigi listans). Snæugla er annars sárastaldgæf á Íslandi og varp tegundarinnar er afar stopult og óreglulegt á nokkrum stöðum í norðurlandshálendinu. Á Brúardölum eru mófuglar allalgengir og finnast þar 10 tegundir en rjúpu vantar þar eins og víðar á svæðum sem tengjast austurhluta Vatnajökulspjóðgarðs. Rjúpur eru annars algengar á haustin og veturna á svæðinu. Alls eru sex tegundir anda þekktar á Brúaröræfum og bæði lómur og himbrimi hafa verpt þar. Af spörfuglum eru fimm tegundir þekktar.



11. mynd. Brúaröræfi. Upptök Sandár og Kringilsár, 21. september 2009. Þorláksmýrar, Sandafellsháls og fjær Sandafellsalda.

Krepputunga

Hér verður gerður greinarmunur á Krepputungu og Kverkfjallarana þó svo að segja megi að raninn sé innan tungunnar og Krepputunga því allt land á milli Kreppu og Jökulsár á Fjöllum.

Í Krepputungu eru þekktar 35 tegundir sem gefur svæðinu mikið vægi á fuglavísu. Þar af eru fimm á valista en það eru; þórshani, svartbakur, hrafn, straumönd og grafönd. Þar hafa sést sérstakar tegundir á borð við dílaskarf, fyl og lunda sem allt eru sjófuglar. Heiðagæs er án nokkurs vafa lykiltegund fugla á svæðinu. Þar er einnig að finna sjö andategundir og fimm spörfuglategundir. Mófuglar eru allalgengir á Krepputungusvæðinu og þar eru þekktar 12 slíkar tegundir. Það að þórshani hafi sést á svæðinu verður að teljast afar sjaldgæft en ekki ómögulegt sem á reyndar við um lunda líka.

Í fylgiskjöllum I til IV eru nánari upplýsingar um fugla vestan Kreppu.



12. mynd. Upptök Kreppu. Sér út í Hvannalindir, 21. september 2009. Brúarjökull í forgrunni.

2. tafla. Fuglar á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs

Tegund	Latneskt heiti	Austan Snæfells	Vestan Snæfells	Kringilsárrani	Brúardalir	Kverkfjallarani	Krepputunga
Lómur	<i>Gavia stellata</i>		V1/G2		V1		
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>				V1,Vá,		
Dílaskarfur	<i>Phalacrocorax carbo</i>						G1
Fýll	<i>Fulmarus glacialis</i>	G1	G1				G1
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	V3	V3	V1	V1		V1
Heiðagæs	<i>Anser brachyrhynchus</i>	V2,Áb,	V3,Áb,	V3,Áb,	V3,Áb,	G1	V3,Áb,
Grágæs	<i>Anser anser</i>	G2,Vá,	G2,Vá,		v1,Vá,		
Snjógæs	<i>Anser caerulescens</i>	F1	F1				
Helsingi	<i>Branta leucopsis</i>		G1,Vá,				
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>		G1				G1
Urtönd	<i>Anas creca</i>	V1	v1				V1
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	G1	v2		V1		
Grafönd	<i>Anas acuta</i>		V1,Vá,		v1,Vá,		v1,Vá,
Skúfönd	<i>Aythya fuligula</i>		v1				v1
Duggönd	<i>Aythya marila</i>	v1	v2		v1/G3		G1
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>	V1,Vá,	v1		v1,Vá,		V1,Vá,
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>	V2	V2	v1	v1		V2
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>		G1				
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>		V1,Vá,		v1,Vá,		
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>	G1	V1		V1,		G1
Fálki	<i>Falco rusticolus</i>	V/G1,Vá,	V1,Vá,	V1,Vá,	V1,Vá,		G1
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>	V2	V2		V1	V1	v1
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>	G1	G1				
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>	V1	V2		V1		V1
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	V3	V3	V2	V3		v1
Sanderla	<i>Calidris alba</i>	G1					
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>	V2	V2	V1	V1	v1	V1
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	V3	V3	V1	V3		V1
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	V1	v1		V1		G1
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	v1					
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	V1	V1	v1	V1		G1
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	G1	v1		V1		G1
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	V2	V2	V2	V2		V2
Þórshani	<i>Phalaropus fulicarius</i>	G1,Vá,					G1,Vá,
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>	V1	V1				v1
Skúmur	<i>Stercorarius skua</i>	G1	v1				G1
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>						G1
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>	G2	G2	G2			G1(V1)
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>	G2,Vá,	v1,Vá,		V1,Vá,		G1,Vá,
Kríá	<i>Sterna paradisaea</i>		G2		G1		G1
Haftyrðill	<i>Alle alle</i>	F1,Vá,					
Lundi	<i>Fratercula arctica</i>						F1
Snæugla	<i>Nyctea scandiaca</i>			G1,Vá,	G1,Vá,		
Þúfuttlingur	<i>Anthus pratensis</i>	V2	V2	V1	V1,G		G2
Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>	G2	V1		V1	G1	v1
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>				G1		
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	V2	V1		v1,G,	V1	V1
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	G1	G1				
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	V1,Vá,	V1,Vá,	V1,Vá,	V1,Vá,		v1,Vá,
Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>		G1				
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	V3	V3	V3	V2	V2	V3
Heimildir:		9,8,7,3,12,13	2,7,6,3,12,13	2,6,11,12	3,2,4,13	10,15	1,14
Fj. tegunda 51		36	41	14	31	6	35

Skýringar:

Áb=ábyrgðarteg. Vá = valisti

V = varpfugl, v = líklegur varpfugl, varp óstaðfest, G = gestur, F = flækingur.

1 = sjaldgæfur, 2 = allalgengur, 3 = algengur.

Svigi() vafi.

3. tafla. Fuglar á válista.

Forsenda válista	Tegund	Vesturöræfi	A Snæfells	Kringilsárrani	Brúaröræfi	Kverkfjallarani	Krepputunga
Í bráðri hættu (CR)	Snaugla			x	x		
Í hættu (EN)	Helsingi	x					
Í hættu (EN)	Þórshani						x
Í yfirvofandi hættu (VU)	Fálki	x	x	x	x		
Í yfirvofandi hættu (VU)	Grágæs	x	x		x		
Í yfirvofandi hættu (VU)	Gulönd	x			x		
Í yfirvofandi hættu (VU)	Himbrimi				x		
Í yfirvofandi hættu (VU)	Hrafn	x	x	x	x		x
Í yfirvofandi hættu (VU)	Svarfbakur	x	x		x		x
Í nokkurri hættu (LR)	Grafönd	x			x		x
Í nokkurri hættu (LR)	Straumönd	x	x		x		x
Samtals	11 tegundir	8	5	3	9	0	5

Ath. Haftyrðill sleppt.

Kverkfjallarani

Á svæðinu sem tilheyrir Kverkfjallarana eru þekktar sex fuglategundir sem er það minnsta sem vitað er um fugla í þessari samantekt fyrir austurhluta Vatnajökulspjóðgarð. Það gefur svæðinu lítið vægi með tilliti til fuglalífs auk þess sem engin þeirra kemst á válista. Þar að auki teljast þær allar til algengra fugla á Íslandi. Sérstæðust þeirra verður að teljast maríuerla sem telst gestur þar líkt og heiðagæs.



13. mynd. Kverkfjallarani 21. september 2009. Lindakeilir í vinstra horni niðri.

Samantekt

Vitað er um 51 tegund sem nýta umrædd svæði á austurhluta Vatnajökulspjóðgarðs sem verður að teljast fjölskrúðugt miðað við að á Íslandi hafa 76 tegundir orpið (Válisti 2000). Ekki eru allar tegundirnar staðfestir varpfuglar á þjóðgarðssvæðinu (sjá 2. töflu) en út frá hæð yfir sjávarmáli er svæðið í heildina fjölskrúðugt. Vissulega er megnið af þessum fuglum bundinn við gróðurvinjar en rannsóknir hafa einskorðast við þau svæði. Austan og vestan Snæfells hafa farið fram umfangsmiklar rannsóknir á fuglum í tengslum við Kárahnjúkavirkjun og Hraunaveitu. Ólíklegt er að mikið fleiri tegundir leynist annars staðar á svæðinu en mögulega munu nýjar tegundir nema þar land eftir því sem fram líða stundir. Ein af sérstöðum fuglalífsins á Austursvæði þjóðgarðsins er hve hátt hlutfall tegunda er á válista (2. tafla) eða um 22% (11 af 51). Aðeins ein þeirra er í efsta stigi listans, í bráðri hættu en það er snæugla. Helsingi og þórshani eru tegundir í hættu en hafa ekki verið staðfestar sem varpfuglar á svæðinu. Þar að auki eru 8 tegundir á válista sem eru í yfirvofandi eða nokkurri hættu, en það eru; fálki, grágæs, gulönd, himbrimi, hrafn, svartbakur, grafönd og straumönd (3. tafla).

Bersýnilegt er að fuglalíf í Kverkfjallarana er langminnst þekkt af svæðunum sem hér eru tekin saman tengt austurhluta Vatnajökulspjóðgarðs. Afar líklegt verður að teljast að þar séu fleiri tegundir að finna eða hafi þar viðkomu og að einhver þeirra sé á válista, hrafn er dæmi um líklega tegund. Eins má búast við að fleiri válistategundir tengist Kringilsárrana en getið er í 3. töflu enda ekki nema Jökulsá á Dal, nú Háslón sem skilur svæðið frá Vesturöræfum þar sem skráðar eru 8 tegundir á válista. Samantekt sem þessi er því langt frá því að vera fullkomin en gefur þó ágætis mynd af stöðu fuglalífs á svæðinu. Sérstakt tillit þarf að taka til valdra tegunda á svæðinu sem eru á válista (snæugla og helsingi). Það er einnig nauðsynlegt að almennri umferð verði stýrt eftir megni um svæði þjóðgarðsins þar sem taka þarf tillits til fugla á varptíma. Það væri æskilegt að Háslónsvegur yrði ekki opnaður fyrir almennri umferð fyrr en eftir 22. júní. Eftir að fært er orðið í Kverkfjöll um miðjan júní hefur það verið regla að opna ekki í Hvannalindir fyrr en 24. júní af tillitssemi við heiðagæsavarpíð þar (munnl. uppl. Þórhallur Þorsteinsson, 21.12.2009).



14. Heiðagæs á breiðri. Ábyrgðartegund á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs.

Heimildir

1. Kristinn H. Skarphéðinsson 1983. Fuglalíf í Hvannalindum. Bliki 1: 2–11.
2. Kristinn H. Skarphéðinsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2001. Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á heiðagæsir. Unnið fyrir Landsvirkjun (LV-2001/024). Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-01003. 23 bls.
3. Kristján Þórarinnsson verkefnisstj., Einar Þórarinnsson, Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Skarphéðinn Þórisson og Björn Ingvarsson 1993. Samanburður á umhverfisáhrifum nokkurra tilhagana á stórvirkjun á Austurlandi (Austurlandsvirkjun). Samstarfsnefnd Iðnaðarráðuneytis og Náttúruverndarráðs um orkumál (SINO). 120 bls. og kort.
4. http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/03002_Vatnajokull_net.pdf
5. Guðmundur Guðjónsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. Gróður, fuglar og verndargildi náttúruminja á fjórum hálendissvæðum. Unnið fyrir Orkustofnun og Landsvirkjun. Reykjavík, desember 2001. NÍ-01024. Bls. 20-23 og 36-39.
6. Sigurður H. Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Guðmundur Guðjónsson, Kristbjörn Egilsson, Hörður Kristinsson og Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2001. Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Háslóns á gróður, smádýr og fugla. Unnið fyrir Landsvirkjun. Reykjavík 2001. NÍ-01004. Bls. 33-39, 118-121, 133, 134-135 og 141.
7. Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1998. Fuglar á Snæfellsöræfum. Glettingur 17-18. 8.árg. 2.-3. tbl. 1998. Bls. 51-55.
8. Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Sigurður H. Magnússon 2001. Kárahnjúkavirkjun. Áhrif Hraunaveitu á gróður og fugla. Unnið fyrir Landsvirkjun. Reykjavík 2001. NÍ-01007. Bls. 20-21.
9. Fljótsdalsvirkjun. Umhverfi og umhverfisáhrif. Fylgirit. Landsvirkjun nóv. 1999: Kristinn Haukur Skarphéðinsson 1999. Áhrif Fljótsdalsvirkjunar á heiðagæsir. Unnið fyrir Landsvirkjun. September 1999. Náttúrufræðistofnun Íslands. 25 bls.
10. Fuglar o.fl. í Kverkfjöllum (SGÞ 2009); munnl.uppl. Þórhallur Þorsteinsson.
11. Leiðangur Náttúrustofu Austurlands í Kringilsárrana 23.júní 2008.
12. Ferðadagbækur 1988-2009. Skarphéðinn G. Þórisson 2009.
13. Ferðadagbækur 2003-2009. Halldór W. Stefánsson 2009.
14. Gunnar Guðmundsson 1995. Hvannalindir. Skýrsla landvarðar 1995.
15. Þórhallur Þorsteinsson 2009. Munnlegar upplýsingar, 21.12.2009.
16. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík 2000.
17. Sigurjón Jónsson 1992. Hvannalindir. Tölvupóstur 30.12.2009.
18. Einar Axelsson munnl. uppl. nóvember 2009).
19. Íslenskt Fornbréfasafn IV. Bindi. Kaupmannahöfn 1897: 207
20. Skarphéðinn G. Þórisson óbirt gögn.
21. Stefán Árnason 1840. Lýsing Valþjófsstaðarsóknar. Handrit á Landsbókarsafni, IB 18, fol.a.

Spendýr á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs

Skarphéðinn G. Þórisson

Í þessum kafla verður hugað að spendýrum á Austursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Núverandi þjóðgarðsmörkum verður ekki nákvæmlega fylgt heldur teigt sig útfyrir þau, einkum þar sem útlit er fyrir að þjóðgarðurinn stækki í framtíðinni eins og á Brúaröræfum.



1. mynd. Hreindýr í Kringilsárrana í byrjun september.

Hreindýr

1787-1939

Hreindýr (*Rangifer tarandus*) voru flutt til Vopnafjarðar 1787, 30 kýr og 5 tarfar. Þeim fjölgaði ört og 1794 var sagt að þau væru í stórum hópum, ætu fjallagrös og skemmdu beitolönd. Árið 1810 var kvartað undan mikilli fjölgun og að oft kæmu stórir hópar hreindýra, 500-600 saman, niður í dali Múlasýslna, eyðilegðu þar beitolönd en féllu í hörðum vetrum í hrönnum (Helgi Valtýsson 1945).

Þegar hreindýrunum fjölgaði dreifðust þau um hálendi Austurlands. Þau hafa líklega verið hvað flest um miðja 19. öldina og héldu þau sig á sumrum inn við jökla en þegar haustaði slógu þau sér nær byggð í hundraðatali, jafnvel þúsunda. Fljótlega eftir landnám þeirra hafi þau líklega uppgötvað Snæfellsöræfin sem allar götur síðan hafa verið aðal vor-, sumar- og hausthagar hreindýra á Austurlandi. Um 1860 var mikið af hreindýrum umhverfis Snæfell. Reyndu Fljótsdælingar að smala þeim til byggða en það mistókst (Helgi Valtýsson 1945).

Eftir miðja 19. öld sveiflaðist fjöldi dýranna allmikið enda oft harðir vetur. Góðæri var árin 1837-1858 en næstu áratugi á eftir voru harðindi og stórskadaveður tíð. Hreindýrunum fækkaði mikið 1860-1870 og stórféllu 1867 og 1880-1881 (Alþingistiðindi 1927, Halldór Stefánsson 1952).

Elías Jónsson bóndi í Hrafnkelsdal taldi að hreindýrin hefðu flest verið 800-1000 á Vesturöræfum um 1886 en ekki nema um 150 um aldamótin (Daniel Bruun 1927).

Árið 1890 hljóp Brúarjökull og þrengdi að sumarhögum dýranna en þá fór stór hluti Kringilsárrana undir jökul og einnig innsti hluti Vesturöræfa. Ekki er líklegt að þetta hafi haft mikil áhrif á hreindýrastofninn en dýrin gengið eftir það meir í Sauðafelli og á Vesturöræfum yfir sumarið. Þau héldu sig við jaðar Vatnajökuls en færu út í fyrstu snjóum í átt til dalanna og frá 15. október sæjust þau tæplega inn við jökul (Helgi Valtýsson 1945).


Líklegt er að hreindýrin hafi verið einhver hundruð á Fljótsdalsafréttum í byrjun 20. aldar (Alþingistiðindi 1927). Árið 1933 ferðaðist Pálmi Hannesson (1958) um Kringilsárrana og sá þar um 40 tarfa og geld dýr. Taldi hann að kýr og kálfar héldu sig þá á Vesturöræfum. Hann hafði eftir kunnugum að hreindýrunum fækkaði og væri varla eftir fleiri en 80-100 dýr.

Helgi Valtýsson fór í ágúst 1939 í Kringilsárrana og fann 100 hreindýr. Í september sama ár leitaði Friðrik Stefánsson á Vesturöræfum, einkum í Nýjahrauni og Mariutungum og suður með Eyjabakkajökli og víðar en sá engin hreindýr en haustið áður var talið að um 150 hreindýr hefðu verið á Vesturöræfum (Helgi Valtýsson 1939 og 1945). Líklegt er að slangur af dýrum hafi leynst á Brúaröræfum utan Kringilsárrana og í hlíðum hnjúkanna vestan Snæfells eða á innsta hluta Fljótsdalsheiðar haustið 1939 en þeir ekki fundið þau. Í stuttu máli má segja að á fyrri hluta 20. aldar væri útbreiðslusvæði þeirra að mestu bundið við Kringilsárrana, öræfin kringum Snæfell og innsta hluta Fljótsdalsheiðar (Skarphéðinn Þórisson 1983).


"Frá veturnóttum og fram til sumarmála halda hreindýrin sig flest öll austan Jökulsár, á Vesturöræfum, og kýrnar flestar fram yfir burð á vorin. Bera þær venjulega í hlíðarslökkunum vestan Snæfells og niður að Jökulsá, síðari hluta maímánaðar. En um þær mundir eru tarfar venjulega borfnir vestur yfir Jökulsá og halda sig þá í Sauðafelli um bríð, en fara sig síðan nær jöklinum yfir í Kringilsárrana svonefndan en þar virðist vera aðal dvalarstaður hreindýra þessara á sumrum. Koma svo kýrnar einnig vestur yfir með kálfa sína skömmu eftir burð, stundum aðeins fárra daga gamla... Er hart gerist í ári, snjóalög mikil og harðfenni, leita dýrin iðulega af Vesturöræfum út alla Fljótsdalsheiði og lenda þá eigi ósjaldan út til bæja á utanverðum Jökuldal og í Hróarstungu.... Einnig kemur það fyrir að hreindýr rási suður með Vatnajökli austanverðum (Eyjabakkajökli), og hefur þeirra orðið vart allt suður að Jökulsá í Lóni" (Helgi Valtýsson 1939, bls. 340).

1940-2009

Eftir 1940 fjölgaði hreindýrunum (2. mynd) og dreifðust samhliða því um allt Austurland, frá Suðursveit og norður í Vopnafjörð en aðalsumarhagar þeirra á 20. öldinni var innan Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs þ.e.a.s. á Vesturöræfum, Undir Fellum, Múla og á Brúaröræfum innan Sauðár (3. mynd).




2. mynd. Áætluð stofnstærð hreindýra á Austurlandi 1940 til 2009, aðallega byggt á sumartalningum Snæfellsbjardar og áætluðum fjölda á fjörðunum.



3. mynd. Lítuðu svæðin eru Snæfellsöræfi eins og þau voru skilgreind hjá Skarphédni G. Þórisssyni og Ingu Dagmar Karlsdóttir 2001.


Hreindýr hafa verið talin nær árlega á Snæfellsöræfum frá 1943 (2. mynd). Þegar talningarnar eru skoðaðar frá 1965 sést að Vesturöræfi eru aðalsumarhagar dýranna til um 2000 en eftir það Fljótsdalsheiði (4. og 5. mynd).



4. mynd. Samanburður á dreifingu og meðalfjölda hreindýra í sumartalningum norðan Vatnajökuls á fjórum tímabilum (Rán Þórarinsdóttir og Skarphédinn G. Þórisson 2009).


Til að skoða þetta nánar voru niðurstöður skoðaðar með 5 ára keðjumeðaltölum (5. mynd). Út frá því má greina fjögur tímabil:

1. 1965-76. Fjölgun, hámark um miðjan 8. áratuginn (3600), engin veiði 1965-67 og 1970-71.
2. 1977-84. Útrás veldur fækkun, líkur leiddar að því að hluti dýranna hafi farið niður á firði.
3. 1985-99. Fjöldi dýra í lágmarki á tímabilinu (sveiflast á milli 1000-1500).
4. 2000-08 Fjölgun til 2005 en þá markviss fækkun með veiðum.



5. mynd. Fimm ára keðjumeðaltöl sumartalninga Snæfellsjardar 1965 til 2008.
(Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson 2009).

Hluti kúa í Snæfellsjörð leita inn í þjóðgarðinn til að bera og þá einkum inn á Vesturöræfi. Talningar hafa sýnt að fjöldi þeirra þar er í samræmi við snjóalög. Árið 1995 var mjög mikill snjór og voru þá aðeins 38 kýr og 22 kálfar á Vestur- og Brúaröræfum (7. júní) en 2004 var enginn snjór á þessum slóðum og þá fundust 550 kýr og 200 kálfar (27. maí) (6. mynd) (Kolbeinn Árnason 2009). Á Snæfellsöræfum bera kýr helst á Vesturöræfum og flestar á þriggja vikna tímabili í kringum 20. maí (Rán Þórarinsdóttir 2008).



6. mynd. Talningar á Vesturöræfum 1993 til 2008. Grænar sölur sýna talningar Veðistjóra og Náttúrustofu Austurlands í júlí en mismunandi bláar talningar Verkefðistofnunar Háskóla Íslands í maí (nema 2004 þá 5. júní). Ljósblátt táknað lítinn eða engan snjó, blátt talsverðan eða mikinn snjó og dökktblátt mjög mikinn snjó í maí
(Kolbeinn Árnason 2009, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson 2009).

Hreindýrin sem ganga á Snæfellsöræfum á sumrin eru fyrst og fremst kýr og kálfar. Fæstir fullorðnir tarfar fylgja kúnum í sumarhagana. Undantekning á því er í Kringilsárrana en þar hafa stórir hópar

tarfa gengið á sumrin. Árið 2007 varð breyting á og nú ganga flestir þeirra á norðanverðri Jökuldalsheiði. Athuganir á Snæfellsöræfum 1979-1981 sýndu að fyrst á vorin voru dýrin vestast á svæðinu en færðu sig er leið á sumarið nær jökli og austar. Í ágúst voru þau síðan dreifð austan Snæfells þ.e. Undir Fellum út að Laugará. Þessar ferðir dýranna eru í samræmi við gróandann og snjóalög, en snjór er minnstur við Jökulsá á Dal en smáeykst að Jökulsá í Fljótsdal.

Fullorðnir tafar sameinast kúnum á fengitíma sem er í septemberlok og fram í miðjan október. Í þjóðgarðinum má helst rekast á hreindýr á fengitíma utan við Snæfell og á Múla.

Sumarfæða hreindýra á Snæfellsöræfum er fyrst og fremst runnar (þ.a. grá- og grasvíðir 45%) og einkimblöðungar (þ.a. stinnastör 29%) (Kristbjörn Egilsson 1983).

Þó svo að hreindýrum hafi fækkað innan Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs á síðustu árum má fullyrða í ljósi sögunnar að Snæfellsöræfi eru þýðingarmestu sumarhagar hreindýra á Íslandi. Árið 1975 var Kringilsárrani og allt land innan Jökulkvíslar á Vesturöræfum friðlýst sem griðland hreindýra.


Engar hreindýraveiðar ætti að leyfa austan Snæfells að austurbakka Jökulsár í Fljótsdal, frá Eyjabakkajökli út að Eyjabakkavaði. Annars staðar í þjóðgarðinum ættu hreindýraveiðar ekki að hefjast fyrr en eftir 1. september. Banna ætti notkun sexhjóla við veiðarnar og hvetja ætti heimamenn til að nota hesta við þær.

Hreindýrin í Kringilsárrana




7. mynd. Hreindýrstarfar í Kringilsárrana í septemberbyrjun.

Í lok 4. áratugar 20. aldar dóu hreindýr alls staðar út nema á Austurlandi. Töldu menn að þau fáu dýr sem þar tórðu héldu sig eingöngu við norðurjaðar Vatnajökuls austan Sauðár á Brúardölum. Vegna þessa fór Helgi Valtýsson um hreindýraslóðir á vegum Viðskiptamálaráðuneytisins til að kanna fjölda og útbreiðslu dýranna. Fór hann í Kringilsárrana haustin 1939, 1943 og 1944 og á Vesturöræfi vorið 1944. Birti hann m.a. niðurstöður sínar í bókinni „Á hreindýraslóðum“ (Helgi Valtýsson 1945). Niðurstöður Helga voru að hreindýrahjörðin á Austurlandi væri einungis 100 dýr 1939 og eftir síðustu ferðina haustið 1944 segir hann „...fullur helmingur hennar tarfar, og margir gamlir. Er því fækkun þeirra brýn nauðsyn, bæði af lífðælislegum ástæðum, og einnig til að takmarka og tryggja hæfilega fjölgun dýranna á þessum aftréttum“ (Helgi Valtýsson 1945:88). Vegna þessa lagði Helgi til talsverða fækkun tarfa í skýrslu sinni til stjórnarinnar 1939. Hann lagði einnig til að ráða umsjónarmann með hjörðinni og skyldi hann m.a. telja dýrin árlega. Tarfaveiðarnar hófust 1943 og stóðu til 1953. Á þessum árum voru skotnir 419 tarfar eða 38 á ári að meðaltali og líklega flestir á Brúaröræfum. Vegna fjölgunar dýranna var kvótinn ákveðinn 600 dýr haustið 1954 og náðust 443 dýr (8. mynd) og flest skotin á Fljótsdals- og Fellaheiði.



8. mynd. Niðurstöður sumartalninga á hreindýrastofninum og veiddir tarfar 1943-1953 og óskilgreind veiði 1954.




9. mynd. Fjöldi hreindýra í sumartalningum vestan Jöklu og innan Sauðár á Brúardölum 1965-2009.

Greinilegt er að veiðarnar höfðu ekki áhrif á fjölgunina í stofninum nema ef vera kynni að kenning Helga Valtýssonar um að fjöldi tarfa stæði fjölgun fyrir þrifum væri rétt sem ég dreg þó í efa.


Þegar skoðaður er fjöldi hreindýra vestan Jöklu og innan Sauðár á Brúardölum 1965-2009 sést að hann sveiflast nokkuð. Frá 1965 fjölga þeim og verða flest um 600 í kringum 1980 en fækka síðan nokkuð og voru yfirleitt um 200 á síðasta áratug 20. aldar (9. mynd). Fjöldinn tvöfaldaðist í sumari en of snemmt er að fullyrða hvort um er að ræða varanlega fjölgun.

Þegar hlutur hreindýra á Brúaröræfum (vestan Jöklu) er borinn saman við Snæfellsöræfi í sumartalningum sést að 1965 til 1976 var hann um 10% eða sá sami og 2000-2008. Þegar dýrin voru flest þar á tímabilinu 1977-1984 var þar um fjórðungur Snæfellsjardarinnar (4. mynd).




10. mynd. Kynja- og aldursskipting breindýra á Brúaröræfum í sumartalningum 1998-2009.

Þegar kynja og aldursamsetning á Brúaröræfum er skoðuð árin 1998 til 2009 sést að til og með 2006 eru fullorðnir tarfar algengir í Kringilsárrana en hafa varla látið sjá sig eftir það. Þeir voru að meðaltali tæp 40% (24-55%) dýra í Kringilsárrana á árunum 1998 til 2006 en eftir það 0-3% (10. og 11. mynd).



11. mynd. Hlutfallsleg aldurs- og kynjaskipting breindýra á Brúaröræfum 1998-2009.

Hluttur kálfa á hverjar hundrað kýr og vetrunga er að meðaltali 56 (36-75) en nokkuð breytilegt á milli ára (12. mynd). Skýring á því gæti verið m.a. að mis margir vetrungar væru með kúnum á milli ára.




12. mynd. Fjöldi kálfa (blátt) á hverjar 100 kýr og vetrunga (rautt) á Brúaröræfum 1998-2009.

Stofnað var til Kringilsárranafriðlands árið 1975. Þar er öll vélknúin umferð bönnuð svo og veiðar. Árið 2003 breyttust mörk friðlandsins vegna Hálslóns. Eins og sést á meðfylgjandi korti af friðlandinu er það ekki einungis Kringilsárrani heldur einnig allt land innan Jökulkvíslar á Vesturöræfum eða Sporður, Nýjahraun og Marítungur. Gilda því sömu reglur þar og í Kringilsárrana (13. mynd).

Sumarið 2005 var settur kláfur á Kringilsá niður undir Jöklu og samfara því fóru margir gönguhópar um Kringilsárrana. Fyrir þann tíma var tæplega komist í Ranann nema á jökli. Mögulegt er að törfunum hafi ekki líkað þessi athygli og því ekki mætt í Ranann 2007.

Yfirleitt koma fyrstu kýrnar í Kringilsárranann í maíbyrjun og eru farnar þaðan í ágústlok. Tarfarnir hanga þar oft lengur og jafnvel framyfir miðjan september en mæta oft ekki í Ranann fyrr en í seinni hluta júní eða júlíbyrjun.

Æskilegt er að aðgengi í Kringilsárrana verði erfitt í framtíðinni eins og var fyrir kláfinn og siglingar yfir lónið og landtaka í Ranann háð leyfi þjóðgarðsvarðar. Þekkt er að Sauða og Kringilsá bítast um sama vatnið undir jökli. Því mun mjög líklega koma að því að Kringilsá verði stígvélataek en Sauða vatnsmikil eins og gerst hefur áður. Fylgjast þarf vel með slíku og grípa til viðeigandi ráðstafana varðandi ferðir manna um Ranann þegar slík breyting verður.



13. mynd. Kringilsárranafriðland. <http://www.ust.is/media/Fridlysingakort//kringilsarrani.JPG>

Um svæðið gilda eftirfarandi reglur:

Þar er hreindýrafriðland og hreindýraveiðar bannaðar.

Umferð vélknúinna farartækja um svæðið er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Allt jarðrask er þar bannað, svo og að skerða gróður eða trufla dýralíf.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Friðlysing þessi öðlast gildi við birtingu og um leið fellur úr gildi auglýsing nr. 524/1975 um friðlýsingu Kringilsárrana, Norður-Múlasýslu.

Umhverfisstofnuneytinu, 7. mars 2003.

Siv Friðleifsdóttir

Tófa

Of lítið er vitað um tófuna (*Alopex lagopus*) í þjóðgarðinum því rannsóknir eru af afar skörum skammti. Líklegt er að tófur í þjóðgarðinum geti dreifst víða eins og dæmin sanna. Það var vorið 1980 sem grenjamennirnir Einar Pálsson og Sigvarður Halldórsson merktu fjóra yrðlinga á greni í Sauðafelli á Brúaröræfum. Yrðlingur úr greninu var skotinn veturinn eftir í Hneflinum (Jón Hallgrímsson) og annar var unninn á greni á suðausturlandi. Þriðji yrðlingurinn sást við Búðará á Jökuldal sumarið 1982 og síðar var hún unnin á greni í Hálsamýri í Jökuldalsheiði. Sá síðasti var skotinn fjörgömul á æti á Laugarvöllum af Skúla Magnússyni en hún sást í Hálsi nálægt Lindum vorið 1981 (Skarphéðinn Þórisson 1983).

Ekki er talið líklegt að tófur á hreindýraslóðum dregi marga hreinkálfa á vorin þó svo að oft hafi fundist kálfshræ á grenjum (Skarphéðinn Þórisson 1983).

Fróðlegt væri að merkja tófuholpa með GPS-hálskrögum í Kringilsárrana og Eyjabökkum til að fylgjast með ferðum þeirra og dreifingu.

Refir eru fátíðir í Krepputungu enda æti þar frekar af skörum skammti. Þó er líklegt að tófa hafi lagt í greni í Hvannalindum. Vilhjálmur Vernharðsson sá hvíta tófu í febrúar líklega 2003 við Hveragil. Einnig fann hann hræ af fullorðnu dýri og um tveggja mánaðar hvolpi í mars 2007 við Svartá.

Ummerki eftir tófu sást í Hvannalindum innan við Lindakeili fyrir um 10 árum en ekki varð vart við hvolpa (Þórhallur Þorsteinsson 2009).



14. mynd. Grensmogin tófa við Kárahnjúkabúðir stutt utan Sauðár á Brúardölum 31. maí 2005. Ljós. Þórhallur Árnason.

Á Brúaröræfum eru þekkt all mörg greni. Í Sauðafelli fóru tvö gömul og eitt nýlegt greni (fannst fyrir 5-6 árum) í Háslón en eftir er eitt norðan í Sauðafelli og annað að austanverðu við stapa í hlíðinni. Um 1940 eyðilögðu Halldór Sigvarðsson á Brú og Agnar Pálsson greni innarlega með Sauðánni. Tófa hefur verið að gera það greni upp að undanfögnu. Tvö greni eru þekkt í Fagradal, eitt í Vesturdal og 4 á Laugarvalladal, tvö gömul og tvö nýfundin. Tófuhola er síðan í Álftadal. Ekki hafa fundist greni í Breiðastykki né Grágæsardal (munnl. uppl Eiríkur Skjaldarson janúar 2010). Einhver greni eru í Kringilsárrana en þar er náttúrulega ekki grenjavinnsla. Bent skal á að það sama á við um allt land innan Jökulkvísar á Vesturöræfum enda er það hluti friðlandsins (13. mynd).



15. mynd. Tófa nálægt Sandfelli á Vesturöæfum 4. janúar 2007. Ljós. Þórhallur Árnason.

Á Vesturöæfum voru þekkt a.m.k. 17 greni innan þjóðgarðsmarka en 12 þeirra lentu í lóninu. Líklega eru árlega unnin 1-3 greni á svæðinu. Flest virðist benda til þess að Hálsinn (og Sauðafell á mót) hafi verið bestu staðirnir fyrir greni enda snjóléttast þar á Snæfellsöræfum.

1. tafla. Grenjaskrá frá Sigurði Aðalsteinsyni auk nýlegra upplýsinga frá Sveini Pálssyni, gult það sem lenti í lónið

Neðri Háalda (Vestari -)	upp af fremsta hrauknum
Neðri Háalda (Vestari -)	uppaf Þurragilinu
Þurragilsgreni	horn við Þurragil (við Sauðá)
Fremra Kofagreni	í Hálsi
Kofagreni	í Hálsi
Ytra Kofagreni	í Hálsi
Kofagreni	í Hálsi
Stebbagreni	í Hálsi
Þúfugreni	í Hálsi
Efra Klappalækjargreni	í Hálsbrún
Neðra Klappalækjargreni	í Hálsi
Lindagreni	í Hálsi
Grenisöldugreni	Herjólsdrag
Grjótárhjúksgreni	N við hnjúkinn
Dragamótagreni	yst í Syðradragi
Syðradragsgreni	fannst 2007 – flutt sig úr Hálsi

Hjörtur Kjerúlf leitar Undir Fellum austan Snæfells. Þekkt greni eru í urðarbrúninni innan og samsíða Laugaránni vestan Laugarfells en þar hefur hún ekki legið lengi samkvæmt Hirti. Greni var unnið þar um 1980 með 7 hvolpum og þá var haft eftir heimamönnum að urðin væri eins og fjölbýlishús. Þessi greni auk grenis í Laugarásnum eru rétt utan við þjóðgarðsmörk.



16. mynd. Tófa blóðug um þófa að koma af breindýrsbræi á Svartöldu á Fljótsdalsheiði 28. október 2009. Ljósma. Þórballur Árnason.

Tvö þekkt greni eru í Hafursfellinu og eitt í hólum undir Hafursárufssinni út og austur af Hafursárfossi. Þar lá tófa 2007 (munnl. uppl. Hjörtur Kjerúlf janúar 2010). Rétt austan við fossinn eru hleðslur skotbyrgis. Þar væri líklega kjörinn staður til að hlaða það upp fyrir þá sem fylgjast vildu með tófum ef þær væru í þessu greni.



17. mynd. Tófa við Ufsarbúðir 7 júní 2008. Ljósma. Þórballur Árnason.

Fyrir 5-7 árum tóku hreindýraveiðimenn eftir því að tófa hafði gengið úti í Eyjafelli á Eyjabökkum og vitjaði Hjörtur þess árið eftir. Rakst einu sinni á tófuholu ofan við Hálskofa og voru gæsaleyfar þar við en hér var þó ekki um eiginlegt greni að ræða. Samkvæmt ofansögðu eru fjögur þekkt greni í þjóðgarðinum Undir Fellum. Ekkert hefur verið leitað grenja innan Snæfellsness síðustu árin nema það sem fyrr er nefnt. Taldi Hjörtur að sauðfjárbændur þyrftu ekki að hafa miklar áhyggjur af tófunni þar meðan gæsamergrð felldi þar fjaðrir.

Sveinn Ingimarsson leitar á Múla. Eina þekkt grenið þar innan þjóðgarðs er í Háuklettum en tófa hefur ekki legið þar í mörg ár. Telur víst að hún hafi gengið úti innar á Múlanum og vestar. Ein hvít tófa sást austan við Eyjabakkafoss haustið 2009 (SGP).

Minkur

Dauður minkur (*Mustela vison*) fannst í hlíðum Snæfells ekki fjarri hvar Snæfellsbúðir stóðu um 1970. Talið var að hann hefði drepist úr hungri (munnl. uppl. Aðalsteinn Aðalsteinsson 8.12.2009).

Vorið 1982 sást minkur skjótast út úr hreindýrshræi á suðurbakka Sauðár á Brúardölum. Hræið var af dýri er drapst er það fór fyrir Sauðárfoss haustið 1981. Minkurinn hafði hreiðrað um sig í vömb dýrsins (Skarphéðinn Þórisson 1983).

Eiríkur Skjaldarsson keyrði fram á minkafjölskyldu 20. júlí 2003 rétt innan við Sauða og náðu menn að skjóta læðuna (Gunnar Sigurðsson) og hlaupa uppi hvolpana. Greni eru þekkt í Arnardal og eru eflaust líka í Fagradal, Grágæsadall, Sauðárdal, Vesturdal og mörg á Laugarvalladal (munnl. uppl. Eiríkur Skjaldarson janúar 2010)

Minkur sást á hlaupum ofan við Háslónsveg í ágúst 2007 (18. mynd) og a.m.k. einn hélt til í/undir búðum vestan við Kárahnjúkastíflu (munnl. uppl. Þórhallur Árnason janúar 2010).



18. mynd. Minkur rétt ofan við Háslónsveg innan Klapparlækjar 29. ágúst 2007. Ljós. Þórhallur Árnason.

Björn Ingvarsson sá í vetrarferð um 1995 minkaslóðir við Eyjabakkavað sem stefndu í átt að jökli. Eftirfarandi eru nánari upplýsingar úr tölvubréfum frá Birni dagsett 7.12.2009:

“Ég tel að þetta hafi verið 1995 eða um það bil í mars-apríl. Það var allmikill snjór og afætur á jökulkríslunum á við og dreif um svæðið. Slóðirnar voru þarna um allt, en ég man ekki lengur hvort við áætluðum fjölda dýranna, en mig minnir þó að við teldum þau nokkur allavega fleiri en eitt dýr. Þetta var innan við vað og að mig minnir eitthvað austur undir Folavatn-Kelduá. Ég hef einnig rekist á minkaslóð inni á miðri Fljótsdalsbeiði um hávetur þar sem minkurinn var að flytja sig milli Jökuldals og Fljótsdals.”

Sveinn Ingimarsson sá minkaslóð í fjöru Folavatns fyrir nokkrum árum (munnl. uppl. 10.1.2010).



19. mynd. Minkaslóð við Axará á Fljótsdalsheiði 21. janúar 2008. Ljós. Þórhallur Árnason.

Á heimasíðu Ívars Arnars Benediktssonar kemur fram að hann fann minka í Kringilsárrana 2005. Leitað var nánari upplýsinga og í tölvubréfi frá honum dagsett 9.4.2008 segir:

“Varðandi minkinn: Honum var ekki safnað, því miður. Fann tvo minka með 50 m millibili í byrjun ágúst 2005, voru þá greinilega nýdaudir enda afar ferskir á að líta og fullir af pöddum sem átu þá innan frá. Hafði samband við Karl Skírnisson á tilraunastöðinni á Keldum, hann hafði frétt af þessum fundi í Kringilsárrana og hafði áhuga á þessu. Ég sendi honum myndir og allar þær upplýsingar sem ég hafði. Hann sagði þetta vera ungt karldýr sem væri enn með "barnavígtennurnar", og taldi greinilegt að læða hafi komið þarna upp ungum” (20. mynd).



20. mynd. Minkar í Kringilsárrana. http://www3.bi.is/~iob2/photos/BUF_photos/Bruarjokull_2005/index2.html

Lækjalontur eru í Kringilsárrana (21. mynd) og víðar á Snæfellsöræfum sem minkar þar geta eflaust gert sér að góðu.



21. mynd. Lækjalonta í Kringilsárrana september 2003, 10-15 cm löng (ljós. SGP).

Stefán Kristmannson leitaði að mink í Hvannalindum árin 2007-2009. Fyrsta árið voru tvö greni unnin, annað inn með Lindaránni og hitt innan við Lindakeili. Eitt greni fannst árið 2008 og náðust öll dýrin. Sumarið 2009 var að greni í hrauninu innan við Lindakeili en engin dýr náðust. Samkvæmt þessu virðast a.m.k. tvö greni hafa verið í Hvannalindum síðustu árin. Ekki er þó minkurinn nýkominn því Völundur Jóhannesson sá mink þar sumarið 1976. Til að útrýma mink í Hvannalindum þarf að gefa sér meiri tíma ef að hann er á erfðum stöðum eða veiða hann í gildirur og er besti tíminn til þess á haustin (munnl. uppl. Stefán Kristmannsson 15.12.2009).

Stefán vann minkagreni í Arnardal 2007, var í gömlu tófugreni í hólma (munnl. uppl. Stefán Kristmannsson 15.12.2009).

Slóð sást úr flugvél fyrir um 10 árum út á ísskör við Volgu í Kverkfjöllum sem talin var vera eftir mink (Þórhallur Þorsteinsson 2009).

Elísabet Kristjánsdóttir sá mink við Sigurðarskála í Kverkfjöllum í september 2005. Hún segir svo frá í tölvubréfi 15. janúar 2010: „Ég var fyrst var við hann þegar ég var að bera á nýja pallinn sem tengir skálann og klósetthúsið saman. Hann stóð þarna uppá afturlappirnar u.p.b. tvo metra frá mér. Hann var dökkebrúnn og segja fróðir menn mér hér í Möðrudal að um fullorðin karldýr hafi verið að ræða. Ég gaf honum æti í þrjá sólabringa. En þar sem mér þykir vænt um rjúpunar í Kverkfjöllum ákvað ég þrátt fyrir ágætan vinskapið við minkinn að koma honum í gildru. Af þeim þremur sumrum sem ég vann í Kverkfjöllum varð ég hvorki fyrir né síðar var við mink þar“.



22. mynd. Minkur.

Hagamýs

Slóðir eftir hagamýs (*Apodemus sylvaticus*) sjást árlega við Lindarsel og einhverjar hafa leitað inn í skálann. Einu sinni sást slóð við Kamarinn í Sigurðarskála (Þórhallur Þorsteinsson 2009).

Í lok síðustu aldar uppgötvaðist músafjölskylda í Geldingarfellsskála. Hún hafði greinilega borist þangað með varningi um veturinn og lifði á nesti sem Lónsöræfagöngugarpar ætluðu sér, ekki síst isostar dufti.

Greinilegur músagangur var í Lindarkofa meðan hann var og hét og dínur oft nagaðar einnig í Sauðakofa (Skarphéðinn Þórisson 1983).

Rotta

Þórhallur Björgvinsson á Þorgerðarstöðum drap rottu (*Rattus norvegicus/rattus*) líklega í Bergkvíslarkofa á árunum 1950-1960. Ekki fylgdi sögunni hvort um var að ræða brúna eða svarta rottu (munnl. uppl. Sveinn Ingimarsson 10.1.2010)

Heimildir

- Alþingistíðindi 1927. Frumvarp til laga um friðun hreindýra (umræða). *Alþingistíðindi 1927 B*, bls. 290-324.
- Bruun, D. 1927. Ekskursioner til Egnen ved Snæfell og Vatnajökulls Nordöstrand. De öde egne nord for Vatna-jökull. 37-51. *Kaupmannahöfn*.
- Halldór Stefánsson 1952. Þættir úr sögu Austurlands á 19. öld. *Austurland. Safn austfírskra fræða IV*, bls. 7-176. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri.
- Helgi Valtýsson 1939. Hreindýraleitin á Vestur-Öræfum sumarið 1939. *Lesbók Morgunblaðsins 14(43)*. 340-343 og *14(44)*. 348-352.
- Helgi Valtýsson 1945. *Á hreindýraslóðum*. Bókaútgáfan Norðri h.f., Akureyri. 228 bls.
- Kolbeinn Árnason 2003. Hreindýratalning norðan Brúarjökuls með myndatöku úr flugvél 1993-2002. Samantekt á niðurstöðum. *Upplýsinga- og merkjafræðistofa Háskólans, maí 2003, F03051*. 40 bls.
- Kolbeinn Árnason 2009. Hreindýratalning norðan Vatnajökuls með myndatöku úr flugvél 2008. *Verkefnafræðistofnun Háskóla Íslands fyrir Landsvirkjun. LV-2009/037*. 34 bls.
- Kristbjörn Egilsson 1983. Fæða og beitolönd íslensku hreindýranna. Rannsóknir vegna fyrirhugaðra virkjana í Jökulsá í Fljótssdal og Jökulsá á Dal á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins/LV. *Orkustofnun, OS-83072/VOD-06*. 210 bls.
- Pálmi Hannesson 1958. Á Brúaröræfum IX. Griðland hreindýranna. *Frá óbyggðum*, bls. 159-173. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Skarphéðinn Þórisson 1983. Hreindýrarannsóknir 1979–1981, lokaskýrsla. *Orkustofnun, OS-83072/VOD-06*. 210 bls.
- Skarphéðinn G. Þórisson og Inga Dagmar Karlsdóttir 2001. Áhrif Kárahnjúkavirkunar á íslenska hreindýrastofninn. *Náttúrustofa Austurlands. NA-36 og LV-2001/023*. 122 bls.
- Rán Þórarinsdóttir 2008. Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2007. *LV-2008/031; NA-080080*. 34 bls.
- Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson 2009. Staða hreindýrarannsókna á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar 2008. Unnið í samvinnu við Landsvirkjun. *NA-090084 og LV-2009/002*. 44 bls.



23. mynd. Vetrarmynd af Snæfelli og nágrenni.

Viðauki I

Rannsóknarferð í Krepputungu 16. júní 1988

Skarphéðinn G. Þórisson

Með í för Ragnhildur Rós Indriðadóttir, Sigurjón Hannesson, Skarphéðinn G. Þórisson, Völundur Jóhannesson og Þórhallur Þorsteinsson.


Heiðagæs

Alls fundust 179 hreiður í Hvannalindum. Að meðaltali 4,2 egg í hreiðri. Við Krikatjörn fundust 13 hreiður, mörg í víðihólmum við útenda vatnsins (víða ungar að klekjast, eitt hreiður með 7 eggjum) og 8 við Löngutjörn, helmingur í bleytu við austur enda, 11 hreiður í Kreppuhögum vestari sem eru rétt sunnan við friðlandið.

1. tafla. Fjöldi eggja í hreiðrum í Hvannalindum og nágrenni 16. júní 1988.

Egg	I	II	III	IV	ÞÞ	VJ	SH	Vesturkvísl -Lindakvísl	Lindaá*	Krika- tjörn	Langa- tjörn	Σ	Kreppu- hagar
1									1			1	
2	1	1	1					1		2		6	
3	1	3	2							2		8	2
4	10	4		1	16			1	1			33	2
5	4	3		1	16			1	1	2		28	
6		2			2					1		5	
x	13	10	3	4	24	13		7		2	8	84	7
?	1			17	7		3	2		1		31	
farið								1		3		4	
Σ	30	23	6	23	65	13	3	13	3	13	8	200	11

*skoðað 18. júní
I: Vesturkvísl að Lindakeili
II: Lindakeilir -
III: A – frá kvísl, mýrar
IV: Niður með á frá hrauni



1. mynd. Fjöldi eggja í hreiðrum í Hvannalindum 16. júní 1988.

Aðrar tegundir

Álfir: Par á Krikatjörn og tóm dyngja við Löngutjörn

Grafönd: 2♂ og 1♀ á Löngutjörn og ♀ með 7 unga

Hávella: 1♂ í Hvannalindum, 1♂ og par á Krikatjörn, 1♀ og par á Löngutjörn og 6 á Kringlu

Straumönd: Par og 1♂ á Lindará neðan Lindasels (18.6.)

Sandlóa: Ein í Hvannalindum

Sendlingur: Tveir í Hvannalindum, einn og par við Krikatjörn, 4 pör við Löngutjörn

Heiðlóa: Tvær í Hvannalindum

Louþræll: Tveir við Löngutjörn

Óðinshanir: Par á Löngutjörn

Kjóir: Einn dökkur við Löngutjörn

Sílamáfur: Einn í Hvannalindum, par við Löngutjörn

Snjótittlingur: 2 pör hjá í Hvannalindum, ♂ í ætisleit við Krikatjörn og 3♂ við Lindaá neðan Lindasels

Hrafn: Einn í Hvannalindum




2. mynd. Hvannalindir, Kreppubryggur, Kreppa og Snæfell í fjarska 21. september 2009.

Viðbótarupplýsingar um fugla í Hvannalindum

Dílaskarfur: 1 að messa við Lindaá seint um haust fyrir nokkrum árum (Þórhallur Þorsteinsson 2009).

Skúmur: flækist þangað á haustin (Þórhallur Þorsteinsson 2009). Óðalsbundið par og mjög hreiðurlegt sumarið 2007 á sléttunni neðan við bílastæði (munnl. uppl. Stefán Kristmannsson 15.12.2009).



3. mynd. Hvannalindir voru friðlýstar sem friðland 1973 og eru mörk þess sýnd á kortinu. "Má þar hvorki skerða gróður, skaða dýralíf, né gera þar jarðraske". Reglur friðlandsins kveða einnig á um að "notkun skotvopna á svæðinu er bönnuð"
http://www.ust.is/media/Fridlysingakort/Hvannalindir_kort.gif



4. mynd. Lindakeilir, Vesturkvísl, Hvannalindir, Lindakvísl, Kreppubryggur, Kreppa 21. september 2009.



5. mynd. Kreppa, Kreppubryggur, Lindakvísl, Hvannalindir 21. september 2009.

Krepputunga utan brúar 24.-25. júní 1989

Skarphéðinn G. Þórisson

Gengið frá Kreppubru niður með Kreppu að Jökulsá á Fjöllum og beint yfir hraunið til baka. Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Skarphéðinn G. Þórisson, 22⁰⁰ - ca 6⁰⁰.



1. mynd. Kreppa við Þorlákslindir.

Um 4-500 m innan Þorlákslinda 100 m klettabelti upp af Kreppu, skorið, í því fléttur en silla/skúti/laupur ekki sjáanlegt en gæti verið í hvarfi.

Heiðagæs:

Melgresishólar um 1 km utan Þorlákslinda og þar 7 heiðagæsahreiður (1: 3 egg að brjóta á fuglar við hreiður, 2-3: farið úr hreiðri en eitt fúlegg eftir, 4: par og 2 litlir ungar, 5: farið, 6: farið en ungi á hlaupum stutt frá, 7: farið). Stutt innan ármóta all stórt stykki með dreifðum melgresishólum og þar voru 3 heiðagæsapör og ein hreiðurskál fannst. Tólf heiðagæsahreiður í Hvannalindum neðri; 1: farið, 2: 4 ungar, 3: farið, 4: par og 4 ungar, 5: hreiður með 5 eggjum að brjóta á, 6: 4 egg yfirgefið, 7: 5 egg, 8: farið, 9: 3 egg, 10: farið, 11: farið, undir vörðukletti, 12: farið, eitt fúlegg í helli.

Óðinsbani: hreiður með 4 ungum inn af A

Sandlóa: par í A og B

Urtönd: í B

Sólskríkja: í A og B



2. mynd. Ármót Kreppu og Jökulsár á Fjöllum.

Viðauki III

Fuglar í Kverkfjöllum

Skarphédinn G. Þórisson

Það sem hér fer á eftir byggir á upplýsingum frá Þórhalli Þorsteinssyni í símtali 8. desember 2009 nema annars sé getið.

Heiðagæs: hafa viðkomu á vorin, ummerki sjást við tjarnir við gamla vatnsbólið og á tjaldsvæði.

Rjúpa: árið 2006 eða 2007 fannst yfirgefið hreiður með eggjum á tjaldsvæðinu við Sigurðarskála, misfarist vegna snjóá að talið var. Á undanförunum árum hefur það verið árvisst 1-3 fjölskyldur haldi sig á tjaldsvæðinu á haustin. Elísabet Kristjánsdóttir (tölvup.15. janúar 2010) sá 2005 „...*rjúpubreiður með 10 eggjum í u.þ.b. 150m loftlínu frá Sigurðarskála til norðvesturs. Þá um haustið taldi ég 7 unga + parið.*“

Sendlingur: árlega varplegur við fyrrverandi vatnsból.

Sílamáfur: ungur fugl sást í Kverkfjöllum 2005 (Elísabet Kristjánsdóttir tölvup.15. janúar 2010).



1. mynd. Tjarnasvæði sunnan Sigurðarskála þar sem vatnsbólið var. 21. september 2009.

Maríuerla: sést við Sigurðarskála á haustin.

Steindepill: verpti í nágrenni Sigurðarskála 2006 eða 2007, sást með æti og kom með unga. EK sá hann haustið 2005.

Sólseríkja: verpir árlega í nágrenni Sigurðarskála, mest sést þrjár fjölskyldur yfir sumarið.



2. mynd. Tjarnasvæði sunnan Sigurðarskála þar sem vatnsbólið var, skálinn upp í vinstra horni. 21. september 2009.

Viðauki IV

Rannsóknarferð að Svartárósum 11. júní 1994

Skarphédinn G. Þórisson

Þann 11. júní 1994 var flogið í Herðubreiðarlindir með Þórhalli Þorsteinssyni og þaðan ekið með Kára Kristjánssyni og Kristínu Sigfúsdóttur að Svartá. Léttskýjað en suðvestan strekkingur, 15⁵⁵-17⁰⁰. Í dagbók SGP segir: "ekið inn að Svartá og inn með Jökulsá á Fjöllum og róid þar yfir ca 4 km innan við Svartárós. Gengið þaðan að Svartárósi og ferjadir yfir. Lindsavæði með Jökulsá, 50-200 m breið gróðurrönd, breiðust innst en þar og víðar mjög sandorpið. Skráðar plöntur; vetrarblóm, þúfusteinsbrjótur, grasvíðir, grávíðir, brossanál, lambagras, geldingarhnappur og melskriðnablóm." Þarna voru sex hreiður og 10 geldgæsir en tekið fram að svæðið bæri líklega ekki fleiri gæsir. Aðrir fuglar á svæðinu voru tveir dökkir kjóar. "Kári taldi 17 hreiður neðan við Svartárfossinn og þ.a. um 12 sem ekki voru talin í fyrri"



1. mynd. Svartá og næsta nágrenni, bringur um þau svæði sem voru skoðuð.

1. Tafla. Fjöldi eggja í hreiðri 11. Júní 1994.

Egg í hreiðri	Hreiður neðan Svartárfoss	Um 4 km innan Svartár að austan
0	2	
1	0	
2	1	
3	3	
4	4	2
5	6	1
6	0	
7	1	
rænt		2
gömul skál		1

Meðalfjöldi eggja í átján hreiðrum var 4.3.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: na@na.is
Miðvangi 2 • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 og 471-2774 • Netfang: skarphedinn@na.is